passages are more narrowly focused. This audience problem, especially as applied to that *summum bonum,* "the critical book," is deeply rooted in the contemporary anglophone academic world where institutional necessity often transcends common sense.

Joseph Harris

Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason, útgefendur. *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Reykjavík: Mál og menning, 1992. 600 blaðsíður.

Hin vandaða útgáfa Vilhjálms Finsens á þeim lögum sem lengi hafa kallast einu nafni Grágás markaði tímamót í þekkingu manna á lögum Íslendinga á þjóðveldistíma (*Grágás: Islændernes lovbog i fristatens tid, udgivet efter det kongelige bibliotheks haandskrift,* 2 bd. [Kh. 1852]; *Grágás efter det arnamagnæanske haandskrift nr. 334 fol., Staðarhólsbók* [Kh. 1879]; *Grágás: Stykker, som findes i det arnamagnæanske haandskrift nr. 351 fol., Skálholtsbók, og en række andre haandskrifter* [Kh. 1883]; *Grágás: Oversættelse,* 2 bd. [Kh. 1870]; öll útgáfan nema danska þýðingin var ljósprentuð í Odense 1974). Í kjölfar útgáfu Finsens hófust rannsóknir fræðimanna á stjórnskipan íslenska þjóðveldisins sem lesin var úr lagatextum Grágásar. Í fararbroddi fór Konrad Maurer sem skrifaði feikn um fornan norrænan og germanskan rétt, en fleiri fræðimenn fylgdu á eftir, nefna má Andreas Heusler sem þýddi Grágás á þýsku (*Isländisches Recht: Die Graugans,* Germanenrechte 9 [Weimar 1937]). Af íslenskum mönnum, eftir Vilhjálm Finsen, lagði Ólafur Lárusson drýgstan skerf til vitneskju um hin fornu lög og ber þar hæst samanburð hans á Grágás og lögbókunum, Járnsíðu og Jónsbók, sem birtist í ritgerðinni "Grágás og lögbækurnar" (*Árbók Háskóla Íslands* 1922, Fylgirit [Rvk. 1923]). Ólafur skrifaði einnig formála fyrir ljósprenti á útgáfu Vilhjálms Finsens á Konungsbók Grágásar, sem ljósprentuð var í Lithoprent og kom út í Reykjavík árið 1945 og var það í fyrsta sinn sem Grágás var gefin út á Íslandi.

Sjálfstæðisbarátta þjóða í Evrópu, Íslendinga jafnt sem annarra, á ofanverðri 19. öld og öndverðri 20. öld setti mark sitt á viðhorf manna til Grágásarlaga, flestum var í mun að láta þau sýna sem glæstasta mynd af íslenskum þjóðveldistíma og þeim frumkrafti sem þá hafði ríkt og skóp Íslendingum sérstæðar bókmenntir og einstætt stjórnarform. Aðalhandritin sem varðveita lagatextann,

Konungsbók og Staðarhólsbók, eru talin skrifuð að meginhluta af sama skrifara á tímabilinu 1250–1280, en um það leyti fór fram undanfari að og umsköpun íslenskra laga og stjórnarhátta. Því liggur nærri að ætla að handritin séu skrifuð í tengslum við lagabreytingar, og textinn sem þau varðveita hvort með sínu móti hlýtur að bera þess merki, en uppruni, tilurð og hlutverk lagatextanna eru í mörgum atriðum óráðin gáta og lausnir fræðimanna oft fundnar með trú fremur en vissu.

Á síðustu áratugum hafa áherslur breyst í athugunum á Grágásarlögum og sviðið víkkað; sumir rannsóknarmenn hafa leitað að fyrirmyndum og hliðstæðum norrænna laga á miðöldum í lagasöfnum sunnar í Evrópu og orðið nokkuð ágengt, aðrir hafa beint sjónum að innri gerð íslensks samfélags á miðöldum, valdaskiptingu, siðareglum manna og hugarfari, og stuðst að drjúgum hluta við Grágás auk fornsagna. Búast má við að haldið verði áfram á þessum miðum og því er brýnt að þær útgáfur Grágásar, sem fyrir hendi eru, séu trúar texta og framsetningu handritanna sem varðveita hin fornu lög, en handritin sjálf hljóta ávallt að vera grundvöllur þess sem um lögin er hægt að segja og úr þeim má lesa.

Sú lestrarútgáfa eða alþýðuútgáfa Grágásar sem hér verður fjallað um og verður á eftir nefnd *Grágás* 1992, er gerð eftir vísindalegri útgáfu Vilhjálms Finsens. Grágásarlögin eru nú sett á snotra lesbók, sem er trú hinum forna texta að því er varðar orðmyndir og sagnbeygingar og er það mikil framför frá þeirri stefnu sem haldið var við lestrarútgáfur *Íslendinga sagna* (Rvk. 1985–86 og 1987), *Sturlunga sögu* (Rvk. 1988) og *Heimskringlu* (Rvk. 1991), þar sem fornar sagnbeygingar voru látnar víkja fyrir nútíðarbeygingarháttum. Að þessu leyti er *Grágás* 1992 vel til þess fallin að vera fyrirmynd að útgáfu fornra texta í framtíðinni. Í hvívetna er vandað til frágangs textans og hefir það ekki verið auðunnið verk en tekist með ágætum. Textinn hefir verið vandlega samlesinn við útgáfu Finsens og leiðréttingum hans við útgáfu sína er flestum til skila haldið, undantekningu má þó sjá í *Grágás* 1992, 451, þar sem láðst hefir að færa setningu í línum 30–31 á undan setningu í línum 21–22 (sbr. *Grágás* 1883, 489).

Útlit bókarinnar er bjart og stílhreint, pappírinn lætur vel að fingurgómum og letrið er ákjósanlegt fyrir augað. Útgefendum hefir tekist markmið sitt að gera aðlaðandi lestrarútgáfu sem heldur efnislegu inntaki varðveittra texta Grágásar. Yfirbragð bókarinnar er í senn fornt og nýtt, textinn heldur fornlegum blæ, en er stafsettur á nútíðarvísu og með því gengið til móts við þá sem fælst hafa nær stafrétta útgáfu Finsens og ljósprent beggja aðalhandrita Grágásar, Konungsbókar (Gks 1157 fol.) og Staðarhólsbókar (AM 334 fol.), sem gerð voru á vegum Levin & Munksgaard í Kaupmannahöfn 1932 og 1936 í ritröðinni Corpus codicum Islandicorum medii aevi, vol. 3 og 9.

Neðanmáls við textann í *Grágás* 1992 eru skýringar á merkingu fjölmargra orða og hugtaka auk skýringa á fornlegum orðmyndum og beygingamyndum sagna. Auk þess er aftast í bókinni (515–67) löng skrá með skýringum atriðisorða. Sjö nútímalegar skýringamyndir eru bls. 509–14 til skilningsauka á textanum. Meginkostir atriðisorðaskrárinnar eru annarsvegar að vísað er á blaðsíður þar sem orðin koma fyrir í textanum og skipta máli, og hinsvegar að skráin heldur mun fleiri uppflettiorð en orðalisti ("Ordregister") í útgáfu Vilhjálms Finsens (*Grágás* 1883, 579–714). Atriðisorðaskrá *Grágásar* 1992 veitir gott yfirlit um orðanotkun í lögunum og eykur því geysilega notagildi útgáfunnar. Orðskýringar útgefenda eru ljósar og svo vel fyrir komið að hinn fornyrti og oft torskildi lagatexti verður næstum barnameðfæri.

Skýringar og skýringamyndir eru auðsjáanlega sniðnar að þörfum borgara í upplýsingasamfélagi sem hefir ávallt hratt á hæli og þarf skjót og skýr svör. Hinsvegar örlar á því að skýringatextar hafi ekki tengsl við fortíðina sem skyldi. Í lokakafla í Inngangi eru nefnd þau rit sem skýringar voru sóttar í og er þar vitanlega fyrst talinn fyrrnefndur orðalisti Vilhjálms Finsens og því næst *Ordbog over det gamle norske sprog* eftir Johan Fritzner. En á óvart kemur að sjá ekki nefnt Glossarium eftir Ebbe Hertzberg sem prentað er í *Norges gamle love indtil 1387,* bd. 5 (Christiania 1895) og er grundvallarrit fyrir þá sem reyna að átta sig á norrænum lögum frá miðöldum, og er ómissandi við samanburð á orðfæri og inntaki norskra laga

og Grágásarlaga. Slíkur samanburður gæti skilað merkilegum niðurstöðum ef gerður væri að marki, en bent hefir verið á einstök orð og greinar í Grágás sem virðast fremur endurspegla norskan rétt en íslenskan (sjá *Laws of Early Iceland: Grágás,* þýðing eftir Andrew Dennis, Peter Foote og Richard Perkins [Winnipeg 1980], 10; Peter Foote "Reflections on Landabrigðisþáttr and Rekaþáttr in Grágás", í *Tradition og historieskrivning*, útg. Kirsten Hastrup og Preben Meulengracht Sørensen [Århus 1987], 55). Ekki er heldur nefnt, og því líklega látið ónotað, ritið *Skýríngar yfir fornyrði lögbókar* sem Páll Vídalín lögmaður (d. 1727) samdi og kom seinast út í Reykjavík 1854. Þetta rit birtir umfram allt skilning 17. og 18. aldar Íslendinga á fornu lagaefni, en Páll notar víða ritgerðir fyrri manna um einstakar greinar og skýringar á torskildum lagaorðum. Með því að ganga framhjá skýringum Páls lögmanns hefir verið rofin aldalöng hefð íslenskra lögskýringa og kunna einhverjar skýringar í *Grágás* 1992 að gjalda þess. Nefna má dæmi af orðinu *skýlihögg* sem skýrt er "mikið högg (e.t.v.) skáhögg" og virðist stuðst við skýringu Fritzners "saadant hug, hvorved Øxen drives ind i Træet paa skraa eller under en skjæv Vinkel" sem reyndar er sótt í *Lexicon poeticum* eftir Sveinbjörn Egilsson (Hafniae 1860). Páll Vídalín skýrir hinsvegar orðið svo: "Það högg, er lestir skjól eður skýlu á yfirhúðinni á viðnum, eður bikið eður hefilhúðina, þ.e. slétthefilsfarið á innviðum skipsins" (Vídalín 501) og virðist sú skýring eiga mun betur við þar sem orðið kemur fyrir í Grágás.

Í annan stað gætir þess stundum að skýringar eru einfaldaðar og hallast að nútímaháttum frá orðskýringum Vilhjálms Finsens. Útgefendur fara sínar eigin leiðir og er þá ekki ætíð samræmi í skýringum í atriðisorðaskrá og neðanmáls. Dæmi má taka af skýringu á orðinu *skóggangur* sem skýrt er í atriðisorðaskrá: "ævilöng útlegð úr landi" en neðanmáls við textann "ævilöng útlegð úr samfélaginu". Finsen skýrir orðið með "Fredløshed" en refsingin fólst í því að hinn seki átti ekki fritt, var óalandi, óferjandi, réttdræpur, óheilagur og friðlaus á Íslandi og í Noregi og átti ekki afturkvæmt þangað, kæmist hann úr landi. Hugtakið "skóggangur" hlýtur að eiga ævafornar rætur í þeim tíma þegar hugtakið samfélag var ekki til og óbyggð lönd víðari en nú og því ekki þörf á að vísa sekum mönnum í útlönd heldur voru þeir reknir úr byggðum og fóru friðlausir um mannauða skóga.

Orðskýringarnar í *Grágás* 1992 taka langt fram þeim ófullkomnu orðalistum sem fylgdu fyrrnefndum lestrarútgáfum á *Sturlunga sögu* og *Heimskringlu,* en í þeim listum er hvergi vísað í blaðsíðutöl þar sem orðin koma fyrir. Hinsvegar taka þær útgáfur *Grágás* 1992 fram í því að þeim fylgja allgóðar ritaskrár yfir útgáfur, rit og ritgerðir sem efnið varða. Skrá yfir helstu rit sem varða forn norsk og íslensk lög birti Halldór Hermannsson í *Islandica* 4 (Ithaca, New York 1911) og hefði mátt styðjast við hana við ritaskrá í *Grágás* 1992, en framhaldið hefði líklega orðið frumvinna sem til muna hefði aukið gildi útgáfunnar. Skrá yfir úrval þess helsta sem um Grágásarlög hefir verið ritað hefði verið ómetanlegt hjálpargagn þeim sem lesa Grágás í fyrsta sinn í þessari útgáfu og þekkja ekki sögu textans. Í Inngangi er til dæmis hvergi minnst á fyrrnefnda rannsókn Ólafs Lárussonar sem sýnir að Jónsbók hefir þegið fjölmörg ákvæði úr Grágás, nefna má til dæmis að framundir þetta hefir hreppaskipan á Íslandi verið grundvölluð á ákvæðum Grágásar um hreppa sem gengu aftur í Jónsbók og ennfremur að Rekaþáttur í Grágás er nánast hinn sami og Rekabálkur í Jónsbók og er efnislega að mestu enn í fullu gildi. Grágás hafði því veruleg áhrif á mótun íslensks samfélags löngu eftir að Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd og með því að nefna hvergi í *Grágás* 1992 samhengi Grágásar og Jónsbókar slitnar þráður sem hefir haldið Grágás við Íslandsbyggð á seinni öldum.

Í Inngangi (XXVI–XXVIII) gera útgefendur grein fyrir því hvernig staðið var að vali textans. Útgáfan "er samsteypa", segja þeir. Til grundvallar var lagður texti Staðarhólsbókar, en úr Konungsbók teknir þættir, efnisatriði og lesbrigði sem ekki eru í Staðarhólsbók. Að auki eru tekin upp einstök efnisatriði úr öðrum gerðum sem ekki eru í aðalhandritunum og í viðauka er birt elsta varðveitta brot Grágásartexta.

Sú leið að leggja Staðarhólsbók til grundvallar útgáfunni er áreiðanlega hin farsælasta þar sem markmið útgefenda var að

koma sem mestu efni til skila. Aðferðin er raunar að hætti 17. aldar manna sem til að mynda skrifuðu upp Landnámu eftir fleiri en einu mismunandi handriti og völdu ávallt þann texta sem lengra mál sagði og við það urðu til nýjar gerðir Landnámu. Konungsbók og Staðarhólsbók geyma óumdeilanlega samstofna lagatexta að efniskjarna og anda, handritin eru nær orðrétt samhljóða í mörgum greinum en allólík í mörgum öðrum greinum. Það sem helst ber á milli er að niðurskipun ákvæða er ólík, í öðru lagi eru nokkrir þættir í Konungsbók sem ekki eru í Staðarhólsbók, og í þriðja lagi eru einstök ákvæði í Staðarhólsbók sem ekki eru í Konungsbók og auk þessa inniheldur Staðarhólsbók fjölmörg ákvæði mun ítarlegri og fyllri en samsvarandi ákvæði í Konungsbók.

Með aðferð útgefenda *Grágásar* 1992 hverfa úr sýn að mestu ofantalin sérkenni í texta og efnisskipan hvorrar bókar um sig, en úr verður safnrit sem í heildarbyggingu á ekki sinn líka í varðveittum Grágásartextum. Vilhjálmur Finsen áleit að lagasöfnin í Konungsbók og Staðarhólsbók væru hvort um sig sjálfstæð söfn sem einstakir menn hefðu tekið saman af lagaákvæðum sem samþykkt höfðu verið af lögréttu og voru í gildi á þeirra tíð; flestir hafa víst fallist á þessa skoðun Finsens (*Grágás* 1870, 219–20; *Grágás* 1879, III, XXIX; *Grágás* 1992, XXIII). Með því að steypa textunum saman á þann hátt sem gert er í *Grágás* 1992 og með undirtitlinum "Lagasafn íslenska þjóðveldisins" á titilblaði og kjalþrykkingunni "Lög Íslendinga", er því gefið undir fótinn að til hafi verið heildarsafn laga á þjóðveldisöld, en vafasamt er að slíkt safn hafi nokkru sinni verið til — og hafi það verið til er sýnt að hvorugt aðalhandritið sem varðveitt er geymir slíkan texta. Af þessum sökum gefur samsteypa eins og þessi annarlega mynd af því efni sem aðalhandritin geyma.

Í Formála *Grágásar* 1992 segjast útgefendur fylgja ákvæðum Grágásar sjálfrar, sem eru í Lögréttuþætti Konungsbókar og segja fyrir um að ef skrár biskupa skilji á skuli "sú hafa sitt mál er lengra segir þeim orðum er máli skipta með mönnum" (VIII). Framhaldið: "En ef þær segja jafn langt og þó sitt hvár, þá skal sú hafa sitt mál er í Skálaholti er" (*Grágás* 1852, 213) tekur af öll tvímæli um að gildi lagasafnsins er ekki komið undir orðafjölda heldur valdi safnandans. Þessi ákvæði í Lögréttuþætti ættu því að vera gildur vitnisburður þess að enginn vegur er að steypa í eitt mót varðveittum lagatextum frá þjóðveldistíma, heldur verður að gefa út texta hvers handrits fyrir sig með sínu móti eins og Vilhjálmur Finsen lagði grunn að fyrir um það bil einni og hálfri öld.

Árið 1829 kom Grágás út ásamt latneskri þýðingu á vegum Árnanefndar í Kaupmannahöfn og sá Þórður Sveinbjörnsson um þá útgáfu. Staðarhólsbók var þar lögð til grundvallar, en hinir sérstöku þættir Konungsbókar teknir upp og skipað sem næst í þá röð sem fylgt er í Konungsbók sjálfri, ennfremur voru lesbrigði úr Konungsbók birt neðanmáls. Vilhjálmur Finsen segir um þessa útgáfuaðferð að hún hafi "vist sig aldeles ufyldestgjörende" og eru rök hans þau að of mikill munur sé á textum og niðurskipan ákvæða í aðalhandritunum til þess að hægt sé að fara þannig að (*Grágás* 1870, 221). Sama sinnis eru Andrew Dennis, Peter Foote og Richard Perkins sem völdu Konungsbók Grágásar sem aðaltexta enskrar þýðingar vegna þess að "K[onungsbók] has important sections that are lacking in St[aðarhólsbók], the overall preference must go to the former, and consequently the main text of the present translation follows the text of K[onungsbók] as it stands . . . The reader of the translation will thus get to know K[onungsbók] as it is, with all its faults and puzzles, its unfinished articles and defects of arrangement" (*Laws of Early Iceland* 17).

Vilhjálmur Finsen og þýðendur Grágásar á ensku miðuðu við vísindalega útgáfu, en hér skiptir máli sú spurning, hvort ekki verði að gera þá kröfu til alþýðlegrar lestrarútgáfu að hún lúti sömu grundvallarreglum um textaval og settar eru vísindalegri útgáfu? Einn megintilgangur vísindalegrar textaútgáfu hlýtur að vera að greiða götu textans til almennings og verða þannig undanfari lestrarútgáfu. En sú lestrarútgáfa sem sneiðir hjá þeirri slóð sem rudd er með vísindaútgáfu, getur ekki að öllu talist trúverðug, þótt vel sé frá textanum gengið og ábendingar og yfirlitstöflur um mismun og samkenni handrita fylgi útgáfunni (sbr. XIX, XXII–XXIII, 488–508). Skal nú bent á örfá atriði sem skilja að Konungsbók og Staðarhólsbók og mæla gegn því að steypa þeim saman í eitt mót.

Textamunur aðalhandritanna fer með nokkurri leynd í *Grágás* 1992, en sem fyrr segir er niðurskipan ákvæða ólík og í Staðarhólsbók eru víða mun ítarlegri ákvæði en í Konungsbók og eru mörg slík merkt á spássíur Staðarhólsbókar sem nýmæli. Af því er að ætla að Staðarhólsbók geymi yngra stig lagaákvæða en Konungsbók. Í *Grágás* 1992 kemur yfirleitt skýrt fram hvaða greinar í köflum eru teknar úr Konungsbók, en á hinn bóginn kemur ekki fram hvar Staðarhólsbók hefir texta umfram Konungsbók. Af handahófi má benda á kaflann um voðaverk (*Grágás* 1992, 235–36; sbr. *Grágás* 1852, 166–67; *Grágás* 1879, 334). Umframgrein Konungsbókar er þar vandlega merkt en að öðru leyti koma ólíkindi handritanna ekki fram. Í Efnisskrá þátta sem prentuð er á bls. 488–508 er yfirlit yfir samsvaranir með textum Konungsbókar og Staðarhólsbókar. Yfirlitið er að mestu sótt í neðanmálsgreinar í útgáfu Finsens. Í *Grágás* 1992 segir að Finsen vísi "oftast ítarlegar" milli hliðstæðra texta og eru það orð að sönnu, því að í neðanmálsgreinunum hefir Finsen millivísanir milli bókanna í kapítulatölum og auk þess í blaðsíðu- og línutölum. Í yfirlitinu, Efnisskrá þátta, í *Grágás* 1992 er hinsvegar einungis vísað á milli samsvarandi texta í kapítulatölum sem getur reynst fullgróft þar sem til dæmis er um að ræða kapítula í Staðarhólsbók sem ekki eiga samsvörun í Konungsbók utan í broti úr einni og einni línu (t.d. kap. 66 og 95, *Grágás* 1879). Því eru takmörkuð not af skránni og lesandi sem ætlar að kryfja textann til mergjar er hjálparlaus nema fylgja alfarið útgáfu Finsens.

Þeir þættir sem Konungsbók hefir umfram Staðarhólsbók eru: Þingskapaþáttur, Baugatal, Lögsögumanns- og Lögréttuþáttur og Rannsóknarþáttur. Í Konungsbók sjálfri koma fjórir fyrsttöldu þættirnir ásamt Vígslóða og Baugatali milli Kristinna laga þáttar og Arfaþáttar. Samsvarandi þáttaskipan er að þessu leyti í AM 125a 4º, sem er pappírsuppskrift frá því um 1600 með útdráttum úr Járnsíðu og Grágás og fara útdrættir úr þingskapaþætti fremstir meðal efnis úr Grágás, en að öðru leyti er hliðstæð niðurskipan þátta og í Staðarhólsbók. Vilhjálmur Finsen taldi útdrættina í AM 125a 4º fulltrúa glataðs skinnhandrits sem hefði verið sjálfstætt lagasafn, hliðstætt hinum varðveittu gerðum, og hefði geymt Járnsíðu eins og Staðarhólsbók (*Grágás* 1883, ix–xiv). Þess má og geta hér að Finsen nefnir þann möguleika, sem hann slær þó frá sér aftur, að þinghaldsþættirnir kunni upphaflega að hafa verið í Staðarhólsbók í sömu náttúrlegu röð og í Konungsbók, þ.e. milli Kristinna laga þáttar og Arfaþáttar en þar sem þeir mætast eru kveraskipti í handritinu og gæti eitthvað hafa fallið brott í milli (*Grágás* 1879, xiv–xvi). Í *Grágás* 1992 er öllum þáttum sem Konungsbók hefir umfram Staðarhólsbók skipað aftast í bókina og ekki haft fyrir að merkja sérstaklega á auða vinstri síðu (370) að texti Konungsbókar taki þar við. Þessi skipan rýfur heildarbyggingu lagatextans og hina eðlilegu þáttaröð, sem er í Konungsbók og hefir líklega verið í forriti AM 125a 4º. Að sínu leyti samsvara þinghaldsþættirnir í Konungsbók þingfararbálki Jónsbókar, og Vígslóði og Baugatal samsvara á sama hátt að sínu leyti kapítulum í lögbókunum Járnsíðu og Jónsbók um konungs þegnskyldu og mannhelgi, en í hinum fjölmörgu uppskriftum Jónsbókarlaga er sú skipan algengust að kaflar um þinghald, þegnskyldu og mannhelgi fari fremstir.

Annað sérkenni Konungsbókar er að blöðin eru að jafnaði drifhvít líkt og ósnert, ólík flestöllum öðrum íslenskum skinnhandritum sem eru blökk og lúð. Konungsbók virðist því ekki hafa verið oft handleikin á fyrri tíð sem ef til vill skýrist af því sérkenni hennar að mörg ákvæðin eru ekki skrifuð til fulls heldur einungis upphaf ákvæðis og oft sett sérstök merki á spássíu á útjaðri línu ellegar að ritað er á eftir upphafsorðum: "usque" eða "usque in finem". Finsen skýrði þetta svo að með þessu væri vísað til annars handrits þar sem ákvæðin hefðu verið fullskrifuð og birti skrá yfir 74 slíka staði í *Grágás* 1883, 474–80. Útgefendur *Grágásar* 1992 gera heldur lítið úr þessu atriði í Inngangi (xxii) og nefna hvorki né láta koma fram í útgáfunni þar sem við á enn eitt sérkenni Konungsbókar, sem er fjöldi tákna á spássíum sem Finsen tilgreinir í *Grágás* 1883, 481–89. Enginn hefir farið í saumana á merkingu þessara tákna en tilgátur eru uppi um að þau muni vera tilvísanamerki ellegar paragrafmerki (sjá Kristian Kålund, *Katalog over de oldnorsk-islandske håndskrifter i det store kongelige bibliotek og i universitetsbiblioteket* [Kh. 1900], 31; Sveinbjörn

Rafnsson, *"Digesta Iustinianum", í Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni, 20. júlí 1977,* útg. Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson [Rvk. 1977], 728).

Á móti Konungsbók hefir Staðarhólsbók, auk ítarlegri ákvæða sem fyrr getur, það sérkenni að efnisskrár eru framan við Festaþátt, Um fjárleigur, Vígslóða og Landabrigðisþátt og eru upphafsstafir orða í efnisskránum ýmist í rauðum, grænum eða bláum lit. Útgefendur *Grágásar* 1992 segja að kaflafyrirsagnir séu flestar úr Staðarhólsbók "enda hefur hún þær miklu fleiri" (XXVII–XXVIII). Þetta á hinsvegar einungis við ef með eru talin kaflaheiti í efnisskránum, en efnisskrárnar koma ekki fram í heilu líki á sínum stöðum í *Grágás* 1992, en úr þeim eru einungis teknar kaflafyrirsagnir þar sem engar eru fyrir. Í þeim þáttum sem hafa efnisskrár á undan sér eru jafnframt sérstakar fyrirsagnir fyrir stöku köflum eða greinum, skrifaðar í rauðum lit, og eru flestar í Rekaþætti Landabrigðisþáttar. Efnisskrár fara hinsvegar ekki fyrir Erfðaþætti og Ómagabálki, en í þeim þáttum eru sérstakar fyrirsagnir fyrir flestum köflum. Í norskum lögum, t.d. Frostaþingslögum eldri og Landslögum Magnúsar lagabætis, er svipað fyrirkomulag, þ.e. bæði efnisskrár og sérstök kaflaheiti sem ýmist eru samhljóða eða ekki. Efnisskrárnar í Staðarhólsbók virðast hafa verið skrifaðar eftir að megintextinn var skrifaður — til þess bendir að þar sem Kristinna laga þætti lýkur með sjö línum efst á bl. 11v er blaðsíðan skilin eftir auð og hefir líklega átt að skrifa þar efnisskrá Erfðaþáttar. Svipað háttar til um síðuna þar sem Erfðaþætti lýkur, þar er skilin eftir eyða í rúmlega hálfum dálki sem nægja mætti til þess að skrifa efnisskrá Ómagabálks sem á eftir fer. Fremsta síðan í Staðarhólsbók, þar sem nú er skrifaður Dómakapítuli Járnsíðu, hefir í upphafi verið skilin eftir auð og kann það rými í öndverðu að hafa verið ætlað til þess að skrifa á efnisskrá Kristinna laga þáttar sem skiptist í fimmtíu og fimm greinar og hefði efnisyfirlit hans því orðið rúmfrekt.

Víðast er nokkur munur á orðalagi í efnisskránum í Staðarhólsbók og samsvarandi fyrirsögnum greina þar sem þeim er til að dreifa, en meginmunurinn er sá að í efnisskránum er ævinlega notuð forsetningin *of,* til dæmis stendur í efnisskrá: "Of gelld fiar samnað" þar sem í fyrirsögn greinar stendur: "Vm gelld fiar safnað." Undantekning er þó efnisskráin fyrir Vígslóða þar sem allstaðar er höfð forsetningin *um* sem kann að koma á óvart sökum þess að Vígslóði er talinn með eldri hlutum lagasafnsins og orðmyndin *of* í þessari merkingu tilheyrir eldra málstigi en *um.* Hinsvegar er forsetningin *um* nær alltaf notuð í fyrirsögnum þar sem þær fara fyrir greinum í Staðarhólsbók (undantekning er þó t.d. *of* í kafla í Landabrigðisþætti [*Grágás* 1879, 504] en minnst af honum er til í öðrum handritum) og hið sama gildir um fyrirsagnir greina í Konungsbók, þar er ævinlega forsetningin *um.* Ljóst er að efnisskrár Staðarhólsbókar hafa sjálfstætt textagildi og er því skaði að þær skuli ekki koma fram í *Grágás* 1992. Án efa bera þær svipmót af hugarþeli safnanda laganna í Staðarhólsbók eða skrifara hennar á sama hátt og fyrirsagnir þátta og kafla í hinum fjölmörgu Jónsbókarhandritum sem eru mjög með ýmsu móti.

Fyrirsagnir þátta í *Grágás* 1992 eru svipaður hræringur og kaflafyrirsagnir; í Inngangi (XXVII) segir að þær séu flestar úr Konungsbók — sem auðvitað er vegna þess að Konungsbók geymir fleiri þætti en Staðarhólsbók. En í *Grágás* 1992 eru fyrirsagnir þeirra sjö þátta, sem eru sameiginlegir báðum bókunum, sóttar í Staðarhólsbók utan ein (Um fjárleigur) sem sótt er í Konungsbók. Einungis tvær fyrirsagnir (Ómagabálkur og Festaþáttur) eru eiginlegar fyrirsagnir þátta í Staðarhólsbók, aðrar þrjár (Kristinna laga þáttur, Erfðaþáttur og Landabrigðisþáttur) eru sóttar í meginmál bókarinnar að dæmi Vilhjálms Finsens, en hvorug bókin hefir beinlínis fyrirsögn á Vígslóða. Skýrar hefði því mátt taka til orða um þáttafyrirsagnir á fyrrgreindum stað í Inngangi.

Sum atriði sem hér voru talin sýna að *Grágás* 1992 veitir ófullkomna mynd af mismun varðveittra aðalhandrita sem skiptir miklu máli vegna þess að þau eru skrifuð að mestu leyti af sama skrifara og ekki fyrr en undir lok þess tíma sem ætlað er að lagaákvæðin hafi haft gildi á Íslandi og á þeim tíma sem endurskoðun laga á vegum Noregskonungs tók við. Vissulega er stofn og andi hinn sami í báðum handritum, en frábrigði í niðurskipan ákvæða og orðafari ásamt umframþáttunum í Konungsbók ráða úrslitum um að aðgæta þarf orðalag beggja handrita

hvenær sem leitað er að vitnisburði Grágásarlaga og því er óvarlegt að steypa textana í sama mót í útgáfu. Að öllu samanlögðu taldi Vilhjálmur Finsen að eftir handritum og leifum handrita mætti greina fimm aðalgerðir Grágásarlaga (*Grágás* 1883, xxx–xxii). Enginn veit hvernig háttað hefir verið þeim gerðum sem glataðar eru, en sem fyrr segir er giska margt óljóst um uppruna, eðli og hlutverk Grágásarlaga og einmitt þess vegna er áríðandi að gefa þau út með sama heildaryfirbragði og er í varðveittum handritum. Sýnist þá einu mega gilda hvort útgáfa er ætluð útvöldum sérfræðingum ellegar alþýðu.

Grágás 1992 þjónar vel sem handhæg lesbók og til þess að skemmta nútímamönnum við orðin ein, en í þessum búningi vantar nokkuð á að Grágás sé ákjósanlegt baksvið fornsagna okkar og svo búin er hún takmörkuð sem "ómetanleg heimild um réttarvitund, siðferðiskennd, atvinnuvegi, þjóðhætti og daglegt líf á Íslandi á fyrstu öldum Íslandsbyggðar" (vii). Útgefendur hafa nostrað við stafsetningu og skýringar og framkallað fallega hillubók með sérstæðum texta. Og þess er að vænta að *Grágás* 1992 verði til þess að framvegis, eins og í reynd hefir verið um langan aldur, verði "lögin höfð á takteinum þegar rætt er um íslenskar miðaldabókmenntir" eins og Guðrún Nordal kemst að orði í ungri hugleiðingu um útgáfuna í tímaritinu *Ný saga* (1993, 18). En í samsteypu Grágásarlaga sem birt er í *Grágás* 1992 og með þögninni um endingu þeirra slitna þau úr samhengi við þá tíma sem þau héldu einhverju gildi í bændasamfélaginu sem skóp þau og gaf þeim hlutverk. Það er hinsvegar ókannað mál að hve miklu leyti lagasköpun og lagaritun kveiktu sagnalist með Íslendingum á þeim tíma þegar Grágásarlög runnu saman við lög úr Noregsríki, og að hvaða leyti bókmenntasköpun Íslendinga á seinni hluta þrettándu aldar er flækt í umsköpun landslaga. Skilyrði frjórrar umræðu um þessi efni í framtíðinni væru líklega ekki síst lestrarútgáfur Járnsíðu og Jónsbókar sem unnar væru af sömu kostgæfni og *Grágás* 1992 að því er lýtur að laganna orðum og flestum skýringum.

Guðrún Ása Grímsdóttir

John McKinnell. *Both One and Many: Essays on Change and Variety in Late Norse Heathenism.* With an Appendix by Maria Elena Ruggerini. Philologia 1. Roma: Il Calamo, 1994. 208 pages.

Among the major branches of Norse literature eddic poetry is certainly most in need of critical innovation. The traditional contributions to dating, localizing, metrics, textual explication, editorial policy, formulaic classification, and so forth have slowed to a trickle, and new approaches have been sporadic. Of the two major subgroupings, mythological and heroic, the former seems to have fallen even further behind than the latter, which is at least nurtured by a larger Germanic context. In addressing the mythological corpus, John McKinnell has therefore chosen the harder task and has renewed where renewal is most needed. At the same time he discusses the problems in a straightforward and unpretentious manner that underplays the significance of his argument.

The argument lies in the title words "One and Many" and "Variety and Change." McKinnell tries to destabilize the unity suggested by transmission (largely) in a single manuscript, implied by broad generic terms such as "eddic" and "mythological," and reinforced by the assumption that the mythological poems are codifications of a uniform religious and narrative system. The approach is modern to the extent that it assumes that the poems are individual arabesques on a common but infinitely variable stock of stories. This outlook gives the individual poet and the individual poem much more autonomy in the overall tradition, and it offers the reader more freedom in reflecting on individual poetic formulations.

A few key quotations may serve to illustrate McKinnell's angle of vision. "It is essential to an understanding of Norse mythology that this was a religion (or group of cults) in which there was no such stability [scil. as in the Christian system], and for which the idea of orthodoxy was meaningless" (21). "In this situation of free choice, there was no reason why poets should not change the details of the stories they inher-